

Föstudaginn 13. febrúar 1953.

Nr. 6/1952. **Tryggingastofnun ríkisins** (Gunnar J. Möller)  
 gegn  
**h/f Júpíter** (Páll A. Tryggvason hdl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

Bótaskylda samkvæmt 17. gr. laga nr. 122/1950 um almanna-  
 tryggingar.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með  
 stefnu 19. janúar 1952. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda  
 og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi  
 stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar  
 fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að  
 staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda  
 málskostnað fyrir Hæstarétti, er þykir eftir atvikum hæfi-  
 lega ákveðinn kr. 1500.00.

### **Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Tryggingarstofnun ríkisins, greiði stefnda,  
 h/f Júpíter, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00,  
 að viðlagðri aðför að lögum.

### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. des. 1951.**

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., hefur Júpíter h.f., hér í bæ,  
 höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 24. október 1951, gegn  
 Tryggingastofnun ríkisins til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 775.95 með  
 3% ársvöxtum frá 16. október 1951 til greiðsludags og málskostnaðar að  
 mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati  
 dómarans.

Málsatvik eru þau, að þann 11. ágúst s.l. varð háseti á b/v Neptúnus,  
 sem er eign stefnanda, fyrir slysi við vinnu sína og meiddist nokkuð. Vann

hann þó nokkuð, meðan á veiðiferð stóð, en leitaði læknis, er veiðiferð lauk þann 20. s. m. Taldi lækningin rétt, að hinn slasaði færi ekki næstu veiðiferð og var hann því skráður úr skiprúmi sama dag. Fór því slasaði ekki næstu veiðiferð og vann ekki þann tíma. Sú veiðiferð tók 9 daga. Hinn slasaði fékk kaup greitt til þess dags, er hann var skráður úr skiprúmi. Síðan krafði hann stefnanda um kaup í 7 daga samkvæmt ákvæðum 32. gr. sjómannalaganna nr. 41 frá 1930. Stefnandi vísaði honum til stefnda um greiðslu, en stefndi neitaði að greiða. Greiddi þá stefnandi hið umkrafða 7 daga kaup, kr. 775.95. Krefur stefnandi nú stefnda um fé þetta.

Kröfur sínar byggir stefnandi á því, að í 17. gr. laga nr. 122 frá 1950 um breytingu á lögum nr. 50 frá 1946 um almannatryggingar og viðauka við þau, sé svo kveðið á, að ráðherra geti ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra slysa, sem þeir bera samkvæmt 32. gr. sjómannalaganna, þannig að Tryggingastofnunin greiði hinum slasaða, auk dagpeninga samkvæmt 53. gr. almannatryggingalaganna nr. 50 frá 1946, fullt kaup eða aflahlut í eina viku frá afskráningardegi að telja. Með auglýsingu félagsmálaráðherra, dags. 3. janúar s.l., hafi ráðherra ákveðið að nota heimild þessa. Hafi síðan útgerðarmenn, þar á meðal stefnandi, verið krafðir um aukaiðgjald vegna þessa og hafi það verið greitt. Með þessu hafi bótaskylda sú, sem lögð er á útgerðarmenn með ákvæðum 32. gr. sjómannalaganna, verið færð yfir á stefnda. Samkvæmt þessu beri stefnda að endurgreiða þær kr. 775.95, sem stefnandi greiddi fyrrnefndum háseta á b/v Neptúnusi.

Stefnda, sem ekki hefur véfengt frásögn stefnanda um málsatvik, byggir sýknukröfu sína á því, að henni beri ekki að greiða neinar bætur fyrir slys, sem valda óvinnuhæfni í einungis 10 daga eða skemur. Með ákvæðum 2. tl. 10. gr. laga nr. 74 frá 1937 um alþýðutryggingar hafi útgerðarmenn verið skyldaðir til að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna slysa, sem bótaskyld voru samkvæmt þeim lögum og þeir báru samkvæmt ákvæðum 27. og 28. gr. sjómannalaganna. Þetta ákvæði hafi ætíð verið skilið svo, að bótaskyld væri slys aðeins, að það valdi vinnutjóni lengur en 10 daga, sbr. ákvæði 1. tl. 10. gr. sömu laga. Í samræmi við þetta hafi í 15. gr. reglugerðar nr. 221 frá 1939 verið beint tekið fram, að slasist skipverji, sem skráður er á skip stærra en 12 smálestir, en sé óvinnufær skemur en 10 daga, þá sé tryggingin eigi bótaskyld og fari þá um rétt hins slasaða eftir sjómannalögunum. Þessi ákvæði 10. gr. laga nr. 74 frá 1937 hafi síðan verið tekin óbreytt upp í 16. gr. laga nr. 104 frá 1943. Með lögum nr. 50 frá 1946 hafi ákvæði þetta fallið niður. Hins vegar hafi ráðherra með lögum nr. 122 frá 1950 verið veitt heimild til að ákveða, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra slysa, sem þeir beri samkvæmt ákvæðum 32. gr. sjómannalaganna. Þessa heimild hafi ráðherrann notað og sé því regla sú, sem fólst í 2. tl. 10. gr. laga nr. 74 frá 1937 og 16. gr. laga nr. 104 frá 1943, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 221 frá 1939, lögfest að nýju. Samkvæmt þessu komi bótaskylda stefndu því aðeins til, að hinn slasaði sé óvinnufær lengur en 10 daga, sbr. 52. gr. laga nr. 50 frá 1946, sem ákveður, hvaða slys skuli

vera bótaskyld. Þar sem slys það, er hér um ræðir, hafi aðeins valdið óvinnuhæfni í 9 daga, verði stefnandi sjálfur að bæta tjón af því samkvæmt ákvæðum 32. gr. sjómannalaganna.

Þegar virt eru ákvæði 2. tl. 10. gr. laga nr. 74 frá 1937 og 4. mgr. 16. gr. laga nr. 104 frá 1943, er ljóst, að þau fjalla ekki að öllu leyti um sama efni og 17. gr. laga nr. 122 frá 1950. Með hliðsjón af þessu og því, að ákvæði þessi voru úr gildi felld með lögum nr. 50 frá 1946, þykir ekki skipta hér máli, á hvern hátt þau ákvæði voru framkvæmd. Í 17. gr. laga nr. 122 frá 1950 segir svo: „Ráðherra getur ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra slysa, sem þeir bera samkvæmt 32. gr. laga nr. 41 19. maí 1930, þannig, að Tryggingastofnunin greiði hinum slasaða, auk dagpeninga samkvæmt 53. gr. laganna, fullt kaup eða aflahlut í eina viku frá afskráningardegi að telja.“

Fyrirgreind auglýsing félagsmálaráðherra tekur upp greinina óbreytta, en tekið er fram, að ákvörðunin um að ákvæði hennar komi til framkvæmda, nái aðeins til lögskráðra sjómanna. Þegar virt er orðalag laga-greinarinnar svo og auglýsingarinnar, þá verða ákvæði hennar ekki skilin á annan hátt en þann, að Tryggingastofnunin taki á sig bótaskyldu útgerðarmanna samkvæmt 32. gr. sjómannalaganna með þeirri takmörkun, að bótaskylda hennar nær aðeins yfir einnar viku tjón, en bótaskylda útgerðarmanns getur náð yfir allt að mánaðartjón samkvæmt ákvæðum 32. gr. sjómannalaganna.

Með vísan til þessa og þar sem ekki er véfengt, að slys það, er hér um ræðir, sé bótaskyldt samkvæmt ákvæðum 32. gr. sjómannalaganna, ber að taka kröfu stefnanda að öllu leyti til greina, enda hefur fjárhæð hennar engum andmælum sætt.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Stefndi, Tryggingastofnun ríkisins, greiði stefnanda, Júpiter h.f., kr. 775.95 með 6% ársvöxtum frá 16. október 1951 til greiðsludags og kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.